Fjárhagsáætlun 2027-2028

31.10.2025

Strætó á endastöð

Á tímamótum í rekstri og framtíðarfyrirkomulag almenningssamgangna

Áform:

- Nýtt félag hóf starfsemi á árinu og er fjárhagslegur aðskilnaður langt kominn.
- Gert ráð fyrir að nýtt fyrirkomulag verði að fullu komið til framkvæmda, frá og með 1.1.2027.
- Strætó bs. mun áfram annast daglegan rekstur vagna í eigu Strætó og PANT akstursþjónustu fyrir fatlaða og aldraða. Núverandi samningur um akstur fyrir PANT rennur út 30.6.2027 og er verið að skoða framtíðarfyrirkomulag.

Forsendur fjárhagsáætlunar

Efnahagsforsendur:

- Launakostnaður hækkar í takt við kjarasamninga og spár.
- Verðlagsgrundvöllur aksturs
    - Hækkun rekstrarkostanðs vagna verði um 8% fyrir díselvagna
    - Gert ráð fyrir 5% hækkun fyrir rekstur rafvagna

Fjárhagslegar forsendur:

- Sveitarfélög bera áfram ábyrgð á eignum og skuldum Strætó, þar með talið:
    - Afskriftum, fjármagnskostnaði og afborgun langtímalána.
- Engar fjárfestingar áætlaðar hjá Strætó 2026.
- Gert ráð fyrir að eignir verði seldar til nýs félags ASHB ohf.

Sérstakir liðir og óvissuþættir

- Gert ráð fyrir sölu eigna og hugbúnaðar sem nýtt félag tekur yfir (greiðslukerfi, rauntímakerfi o.fl.), en ekki komin endanleg niðurstaða á verðmat.
- Vagnafloti Strætó komin til ára sinna með auknum rekstrarkostnaði og óvissu.
- Kílómetragjald á allar bifreiðar – stjórnvöld hafa boðað töluverðar hækkanir, útfærsla ekki þekkt.
- Mönnun út starfstíma Strætó.

Fjárhagsáætlun 2027 Strætó bs og Pant.

	Áætlun 2027		
Rekstur	**PTO**	**PANT**	**Samtals**
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlag sveitarfélaga til Strætó bs	300.000.000		300.000.000
Akstur Strætó (PTO), framlag frá ASHB	4.626.151.469	-	4.626.151.469
Pant akstursþjónusta	-	2.228.488.868	2.228.488.868
Aðrar tekjur	9.795.566	266.000.000	275.795.566
Samtals rekstrartekjur	4.935.947.035	2.494.488.868	7.430.435.903
Rekstrargjöld			
Launakostnaður	3.236.063.186	157.727.396	3.393.790.582
Samtals rekstur vagna og aðkeyptur akstur	959.618.587	-	959.618.587
Pant akstursþjónusta (akstursaðilar)	-	2.228.488.868	2.228.488.868
Annar rekstarkostnaður	430.469.695	108.272.604	538.742.299
Samtals rekstrargjöld	4.626.151.469	2.494.488.868	7.120.640.337
EBITDA	309.795.566	- 0	309.795.566
Afskriftir	- 202.000.000	-	- 202.000.000
EBIT	107.795.566	- 0	107.795.566
	-		
Vaxtagjöld og verðbætur	- 107.000.000	-	- 107.000.000
Vaxtatekjur	-	-	
Rekstrarafkoma (-tap)	795.566	- 0	795.566

* Sérframlag sveitarfélaga vegna fjármagnskostnaðar og afskrifta Strætó bs

Tekjur 2027 og breytingar á tekjustreymi

Tekjur Strætó:

- ASHB ohf, greiðir Strætó fyrir aksturinn samkvæmt samningi – áætlað 4,6 ma.kr.
- PANT akstursþjónusta
  - Strætó greiðir verktökum og endurkrefur sveitarfélögin. Gert ráð fyrir 5% fjölgun ferða og hækkun verðlags – áætlað 2,3 ma.kr.
  - Tekjur vegna umsýslu koma frá sveitarfélögunum – áætlað 266 m.kr.
- Sérstakt framlag frá eigendum Strætó vegna ábyrgða, eigna og afborgun skulda, 300m.kr.

Eignir og skuldir

- Eignameginn í efnahagsreikningi Strætó eru fastafjármunir eignfærðir fyrir um 1,4 m.a. kr. Ólíklegt er að söluverðmæti fastafjármuna við slit verði nálægt þessu.
- Á bak við þessa tölu standa vagnar Strætó.

- Skuldameginn í efnahagsreikningi eru langtímaskuldir upp á 1,5 m.a. kr.. Stærsti hlutinn lán vegna uppgjör lífeyrisskuldbindinga frá árinu 2018 og síðan fjárfestingarlán upp á 400 m.kr. sem byrjað verður að borga af á árinu 2028.

Samanburður á kostnaði Strætó og verktaka

- Almennt í gegnum tíðina hefur kostnaður á hverja klst verði hærri hjá Strætó en verktökum. Skv. greiningu sem KPMG gerði fyrir stjórn Strætó 2020 var munurinn um 12-15%. Í dag er áætlað að munurinn um 18%, sjá tölfu. Hér er miðað við tölur úr rekstraráætlun Strætó fyrir árið 2027 og meðaltalstölur verktaka fyrir árið 2026 framreiknað til verðlags áætlunar 2027.

Kostnaður á klst.		
Strætó	Hagvagnar	Kynnisferðir
29.480	24.970	24.955
	18,1%	18,1%

Fjárfestingar og vagnafloti

Engar fjárfestingar eru áætlaðar hjá Strætó 2026

Aldur vagna er orðinn of hár:
- Aukinn viðhaldskostnað
- Áhætta á þjónusturofi

Til skoðunar hjá Strætó:
- Leiga vagna til skemmri tíma til að tryggja þjónustuöryggi þar til framtíðarfyrirkomulag liggur fyrir.

Árgerð	Aldur	Fjöldi	Flokkur	Orkugjafi	Akstur Km
2024	2	2	Raf - 12m	Rafmagn	120.000
2023	3	1	Raf - 18m	Rafmagn	60.000
2022	4	11	Raf - 8m	Rafmagn	105.000
2021	5	2	Metan - 12m	Metan gas	300.000
2019	7	2	Metan - 12m	Metan gas	370.000
2018	8	5	Raf - 12m	Rafmagn	600.000
2017	9	10	Raf - 12m	Rafmagn	560.000
2016	10	1	EURO 6 - 12m	Dísel	850.000
2015	11	8	EURO 6 - 12m	Dísel	1.000.000
2014	12	19	EURO 6 - 12m	Dísel	1.100.000
2013	13	12	EURO 5 - 12m	Dísel	850.000
2010	16	1	EURO 5 - 13m	Dísel	700.000
	8,3	74			

BESTA S LEIÐIN